

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 22. janúar 2013 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla. Breytingin felst m.a. í fjölgun á minni hesthúsum, tveim lóðum var bætt við og fjórar felldar út.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar vegna Óseyrarbrautar 31 og 31b.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 13. febrúar 2013 breytingu á deiliskipulagi Suðrhafnar vegna lóða nr. 31 og 31b við Óseyrarbraut. Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Gögn afhent Skipulagsstofnun til varðveislu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 13. febrúar 2013.

Bjarki Jóhannesson,
sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi.